

Leikhús og ljúfir tónar

Spennandi menningarviðburðir fyrir fjölskylduna í vetur.

SÍÐA 6



Gott að leita til mömmu

Axel Þorsteinsson smitaðist af bakara-bakteríunni af móður sinni

SÍÐA 2

fjölskyldan

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA]

september 2011



Bræðrabönd endast mannsævi

Bræðurnir Veigar Ölnir, Gunnar Jökull og Kjartan Tindur Gunnarssynir segja tilheyra að bræður sláist á stundum eins og hundur og köttur en að vináttan og samstaða verði alltaf yfirsterkari bræðrarifrildum.

Sérstaða hvers og eins í hópnum er ljós í huga móður þeirra bræðra:

Veigar Ölnir er elstur, ráðríkur foringi sem leiðir bræður sína, og rödd skynseminnar þegar til hans er leitað.

Gunnar Jökull er miðbarnið; sáttasemjari, réttsýnn og sanngjarn og gætir þess að enginn bræðranna sé hlunntfarinn.

Kjartan Tindur, sá yngsti í hópnum, heldur utan um fjölskylduna með því að vakna fyrstur á sunnudögum og gleðja alla með ostafylltum eggjakökum.

„Það verður aldrei metið hvers virði það er að eiga bróður,“ segir Veigar, sem er 19 ára og á lokaári Menntaskólans við Hamrahlíð. „Sem elsti bróðirinn ræð ég talsvert

miklu en ber ávallt virðingu fyrir óskum bræðra minna. Þá geta yngri bræður lært af mistökum þess elsta og öllum stundum eiga þeir að geta leitað til mín.“

Gunnar Jökull er sextán ára, á fyrsta ári í MH. „Sem miðbarn hef ég alltaf verið

FRAMHALD Á SÍÐU 4

CANDY AFSLÁTTARDAGAR

15% afsláttur

Þvottavélar, þurrkarar, ofnar, helluborð, kæliskápar, uppvottavélar og fleira ...



Einar Farestveit & Co. hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



Vera Einarsdóttir
skrifar



Tómstundaæði

Á mínu heimili ríkir tómstundabrjálæði sem hefst með látum á þessum tíma árs. Eiginmaðurinn fer í Víkingaprek eins oft og hann mögulega getur og sonurinn æfir karate og breik og spilar á trompet. Þá dreymir mig um að hann verði að minnsta kosti liðtækur í fótbolta þó að fótbolta-æfingar séu ekki komnar á dagskrá. Ég er ekki í rónni nema ég sé í dansi eða jóga að minnsta kosti tvisvar í viku en auk þess höfum við hjónin lagt stund á samkvæmisdansa í á sjötta ár! Þó að framfarirnar séu heldur litlar er eiginmanninum tíðrætt um að hann hafi verið í samkvæmisdöns-um helmingi lengur en í háskóla og finnst það heldur betur saga til næsta bæjar. Nýjasta æðið er síðan útihlaup og kemur fyrir að við skjótumst hring í hverfinu á kvöldin.

Lífið eftir skóla og vinnu einkennist eins og gefur að skilja af þeytingi og skutli þvers og kruss. Síðustu ár hefur ekkert skarast og æfingarnar dreifst ágætlega yfir vikuna. Þar til nú. Ég hnaut um æsispennandi ball-ettnámskeið fyrir fullorðna og hélt í fyrstu að tímarnir þösuðu alveg inn í þéttskipaða dagskrána. (Hugsaði reyndar með mér: Hvað er að þér kona! Ætlar þú að eyða öllum aurunum í tómstundir? – en var fljót að rétt-læta þetta fyrir mér með því að nú sé tíminn til að eyða í upplifun í stað-inn fyrir steypu og dauða hluti.)

Mig hefur alltaf langað til að kunna ballett og margoft skammast út í foreldra mína fyrir að hafa ekki sent mig í tíma fimm ára. Ég hélt að tækifærið væri löngu úr greipum runnið – en svo er ekki. Þó nokkrir ball-ettskólar bjóða nefnilega námskeið fyrir fullorðna og algerlega óreynda! Ég fór í fyrsta tímann og gerði plíe og pirouette-hringi, nokkuð brösulega en með bros á vör. Til allrar óhamingju komst ég síðan að því að annar tíminn skarast á við samkvæmisdansa og stóð frammi fyrir gifurlegu lúxusvandamáli! „Á ég að fara að gefa bóndadansinn upp á bátinn?“ Ég komst svo að þeirri niðurstöðu að reyna að semja um að fá að vera í hálfu ballettnámi eða um að fá að mæta á annan tíma. Eins held ég að það komi ekki að sök þó að ballettnámið frestist ef þess gerist þörf. Ég gat ekki betur séð en að sumir ballettökendurnir væru með örliðið grátt í vöngum svo ég er ekkert að falla á tíma. Ég get alveg eins byrjað í ballett þrjátíu og tveggja eins og þrjátíu og eins!

Þetta vakti mig hins vegar til umhugsunar um þá jákvæðu þróun sem hefur orðið í tómstundaframboði hér á landi. Víða er boðið upp á tíma í boltaþróttum, fimleikum, dansi, bardagaþróttum og tónlist fyrir full-orðna og því er auðveldara að láta gamla drauma rætast þótt árin og gráu hárin færast yfir. Það fær mig líka til að hugsa mig aðeins um hvað varð-ar pressuna á drenginn. Hann þarf ekkert að læra fótbolta strax – það er nægur tími til stefnu!

Fjölskyldan kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Anton Brink **Pennar:** Friðrika Benónýsdóttir, Gunnþóra Gunnarsdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Benedikt Jónsson **benediktj@365.is**

By Malene Birger
BZR by bruuns bazaar
Boris
Great Plains
Saint Tropez
Siste's
Siste's More
Soaked in Luxury
Sunlight

**NÝ STÓRGLÆSILEG
VERSLUN Í
Smáralind
20%
afsláttur af öllum
vörum um helgina**

**KARAKTER
KONUR**

Smáralind | s.512 1744 | www.ntc.is | erum á



Samrýmd mæðgin Margrét og Axel tala um lítið annað en bakstur og er Margrét afar stolt af syninum. Hér eru þau á fyrstu nemendakeppninni sem Axel tók þátt í. MYND/ÚR EINKASAFNI

Allt eins og mamma

Axel Þorsteinsson smitaðist af bakarabakteríunni frá móður sinni Margréti Hafsteinsdóttur. Þau hafa unnið hlið við hlið við bakstur frá því hann var fimmtán ára og tala um lítið annað en kökur og brauðsnúða í fjölskylduboðum.

Mæðginin Margrét Hafsteinsdóttir og Axel Þorsteinsson eiga það til að ergja hina í fjölskyldunni með stanslausu masi um brauð og kökur. Þau eru enda bæði bakarar og var Axel valinn bakari ársins 2011 fyrir stuttu. Mamma tók við verðlaunum fyrir hans hönd þar sem hann var stökkinn upp í flug-vél strax eftir keppnina og segist afar stolt af drengnum, enda kveikti hún hjá honum áhugann á bakstri.

„Ég væri ekki á þessari hillu í dag ef það væri ekki fyrir hana móður mína,“ segir Axel. „Ég vildi kunna allt og gera allt eins og mamma þegar ég var lítill og hef örugglega oft verið þreytandi og þvælst fyrir henni, spyrjandi „má ég, má ég?““ segir Axel, en hann fór að vinna í Kökuhorninu með mömmu sinni sumarið eftir 9. bekk.

„Ég vakti hann einn morguninn klukkan sex og spurði hvort hann vildi koma með mér og hjálpa til og hann var tilbúinn á fimm mínú-útum,“ rifjar Margrét upp. Axel

lærði síðan til bakara í Kökuhorninu en fékk þó enga sérmeðferð hjá Margréti. „Nei, hann rifjar oft upp hvað ég var vond við hann,“ segir hún hlæjandi. „Ég hef sjálfsgert gert meiri kröfur til hans, en ég vildi bara gera góðan fagmann úr honum og held að það hafi tekist.“

Axel er fyrstur til að fá titilinn bakari ársins. Þetta er stærsta keppnin milli bakara á Íslandi og mikill heiður að vinna. Axel leit-aði til mömmu við undirbúning fyrir keppnina og segir hana alltaf kunna góð ráð.

„Mamma er fagmaður og gott að leita til hennar. Hún hefur kennt mér mikið. Fyrst gat ég verið þrjúskur og hlustaði ekki alltaf en lærði svo að mamma veit best,“ segir hann og hlær. Margrét viðurkennir þó að stundum læri hún eitthvað nýtt af honum og þau séu dugleg að skiptast á „trixum“. „Axel er fullur af eldmóði og höf-uðið á honum að springa af hug-myndum,“ segir hún. „Hann er samt ekkert að taka við kyndlinum af mér, við verðum bara í þessu saman.“ En kemur einhvern tím-

ann upp metingur milli mæðgin-anna í bakstrinum?

„Nei, ég reyni stundum að segja honum eitthvað til en hann svarar mér alveg. Hann er bara þannig. Hann var meira að segja farinn að segja okkur sveinunum til í Kökuhorninu þegar hann var fimmtán ára! Við hlustuðum auðvitað ekkert á það,“ segir Margrét hlæjandi.

Axel vinnur í Mosfellsbakarí sem konditornemi og mun útskrifast næsta sumar. Konditornámið stundar hann í Danmörku og var einmitt á leiðinni þangað þegar verðlaunaafhendingin fyrir bakara ársins fór fram. Þó að hann sé fullfær um að baka ofan í sjálfan sig eru kökurnar hennar mömmu alltaf í uppáhaldi.

„Skúffukakan hennar með bananakreminu og heimabökuðu snúðarnir eru mitt uppáhald. Svo var ég alveg vitlaus í Rice crispies-kökuna hennar sem hún gerði bara fyrir veislur.“ En bakar Axel einhvern tímann fyrir mömmu?

„Ég geri oft eitthvað sniðugt í vinnunni fyrir hana, þegar hún er með saumaklúbb.“ - rat

BARNVÆNT

Skautahöllin í Laugardal nýtur sífella vinsælda meðal íbúa á höfuðborgarsvæðinu en hún hefur verið opnuð að nýju eftir sumarfrí. Börnum og fullorðnum gefst þar kostur á að renna sér á svelli sem er hvorki meira né minna en 1.800 fermetra stórt. Einnig er hægt að panta afmæli eða uppákomur og til dæmis vinsælt að halda barnaafmæli, jólaböll, fjölskylduhátíðir og fyrirtækjaskemmtanir þar. Þess má geta að Skautafélag Reykjavíkur æfir í höllinni. Félagið býður upp á íshökkíæfingar og listskautaiðkun fyrir fólk á öllum aldri. Nánari upplýsingar á vefsíðunni www.skautaholl.is.



ego dekor

HETTHI
Stækkanleg eikarborð

Stærð: 160 (248)X100cm
Verð: 169.900,-

Stærð: 200(288)X110cm
Verð: 189.900,-



PINK DREAM Tungusófi
Stærð: 292X160
Tilboðsverð: 206.100,-



AMBER Tungusófi
Stærð: 290X165
Tilboðsverð: 205.700,-



HETTHI Eikarskenkur
Stærð: 180X45XH:125cm
Verð: 195.000,-

MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM



FATCAT tungusófi
Færanleg tunga
Stærð: 320X165
Tilboðsverð: 219.600,-



CHANARAL
armstóll
Verð: 39.900,-



BAR Lady Rock
Verð: 105.000,-



RONNE stóll
Verð: 29.900,-



KUND tungusófi
Stillanlegir höfuðpúðar
Stærð: 303X168
Tilboðsverð: 238.500,-



ROMEIO leðurtungusófi
Stærð: 320X165
Verð: 328.000,-

HETTHI
Hvítt Háglang

Vegghengdur skenkur
Breidd: 180cm
Verð: 149.900,-



Stækkanlegt borð
Stærð: 180(268)X100
Verð: 159.900,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18:00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun: 10.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

Til sölu - Audi Q7 3,0 TDI (dísel)



Ekinn aðeins 43.000 km - 20" felgur, ný dekk, nýjar bremsur. **Topp eintak. Lækkað verð 6.950.000**
 Upplýsingar, HEKLA (Bílaþing)
 Sími: 590 5040 eða S:822 8833



Ekta Gaflarar Ragnar og Júlíus halda báðir með Haukum, svo ekki metast þeir vegna íþróttanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stóðum saman ef slagsmál brutust út

Hafnfirsku bræðurnir Júlíus og Ragnar Sigurðsson eru báðir á nírræðisaldri og hafa verið bestu vinir alla tíð. Þeir eru líka hluti af samveldinni stórfjölskyldu sem hittist oft.

Það líða aldrei margir dagar svo við tölum ekki saman," segir Ragnar Sigurðsson þegar hann og Júlíus bróðir hans eru spurðir út í samskipti sín. „Að minnsta kosti ekki vikur. Annað hvort hittumst við eða tölum saman í síma," áréttar Júlíus og segir þá oft hafa leitað ráða hvor hjá öðrum. „Við nýtum þau ráð ef okkur þykja þau góð - sem þau eru oft," segir hann.

Júlíus er fæddur 1922 og Ragnar 1927. Þó að fimm ár skilji þá að í aldri segjast þeir hafa leikið sér mikið saman sem strákar. „Ég held við höfum öll náð vel saman systkinin, nú talsins," segir Ragnar. „Við erum bara fjögur eftir og bara við tveir af strákunum."

Þeir bræður ólust upp á Langeyr-

arveginum í Hafnarfirði. „Við erum ekta „Gaflarar“ og líka ekta Haukar," segir Júlíus, og Ragnar segir þá báða hafa spilað fótbolta í uppveitinum. „Núna spilum við félagsvist með gömlum Haukum, einu sinni í mánuði," segir hann.

Júlíus byrjaði til sjós 1939 og var á hafnfirskum togurum og bátum til 1973, þar af sem skipstjóri eða stýrimaður í 25 ár, og Ragnar vann á vinnuvélum, verkstæðum og eigin vörubíli í fjölda ára. „Undir lok starfstímans var ég umsjónarmaður í Flensborg, það voru skemmtilegustu árin," segir hann.

Enn búa bræðurnir í Hafnarfirði. Viðtalið fer fram á fallettu heimili Ragnars og konu hans, Hjördísar Jónsdóttur.

Spurðir hvort þeir hafi ferðast

saman kemur í ljós að þeir bræður eru nýkomnir austan frá Gullfossi þar sem þeir gistu á hótelinu eina nótt. Þeir upplýsa líka að stórfjölskyldan hittist alltaf þrisvar á ári. „Það er jólafagnaður fyrir börnin, góugleði og svo vorfagnaður eða ferðalag. Við leigjum félagsheimili undir þessar samkomur enda mæta þar hátt í hundrað manns," segja þeir.

Að síðustu eru bræðurnir inntir eftir hvort þeir hafi slegist sem strákar. „Ekki mikið innbyrðis. Við stóðum saman ef slagsmál brutust út og einhver bróðirinn var undir," segir Ragnar og kímur. „Ég man nú ekki eftir neinu stórslysi í sambandi við það," segir Júlíus. „En þeir voru ekki margir sem eltu okkur á eftir."

- gun

Enginn bræðrarígur

Þótt nokkur aldursmunur sé á bræðrunum Sigurjóni Vigfúsi Eiríkssyni og Birgi Má Birgissyni, heil 24 ár, eru þeir bestu vinir og gera ýmislegt skemmtilegt saman.

Sigurjón Vigfús Eiríksson fylltist mikilli tilhlökkun þegar móðir hans María Hreinsdóttir sagði hann eiga von á yngra systkini veturinn 1998. Afbrýðisemi sem grípur oft um sig meðal eldri systkina við slíkar fréttir var víðs fjarri enda Sigurjón löngu vaxinn upp úr slíku, orðinn 24 ára gamall og fluttur að heiman.

„Mér fannst bara skemmtilegt að eignast lítið systkini hálf óvænt fyrir þrettán árum," minnst Sigurjón, kallaður Donni, en mánuði fyrir jóla kom yngri bróðirinn Birgir Már Birgisson í heiminn. „Mikil gleði ríkti heima hjá mömmu og Birgi (Georgssyni) innsk. blaðamanns), pabba Birgis Mús, þau jólin. Mamma ákvað að festa allt saman á filmu og til er alveg ógeðslega mynd af okkur bræðrunum, litla og stóra, þar sem við sitjum fyrir framan jólatréð."

Þótt mikill aldursmunur sé á bræðrunum eru þeir mestu mátar og hvorugur vill kannast við að

nokkurn tímann hafi verið ríður á milli. „Donni er skemmtilegur, fyndinn og frábær kokkur. Hann stríðir mér aldrei," upplýsir Birgir Már. „Nei, enda fannst mér nú ekki viðeigandi að lumbrá á honum, það hefði ekki litið sérlega vel út," tekur Donni fram og hlær og segist halda mikið upp á litla bróður sinn.

Donni er nú kvæntur og tveggja barna faðir. Hann segir syni sína Jóhannes Kára, sex ára og Eirík Ara, þriggja ára, líta upp til stóra frænda. „Birgir er góður við þá. Þeir djöflast saman og hann kennir þeim fótboltaþróð," segir Donni. Birgir Már kveðst hafa gaman af en finnst þó verst að hvorugur tekur tilsögn. Donni hlær. „Kannski er bara meiri bræðrastemming á milli þeirra."

- rve

Á góðri stundu
 Bræðurnir Sigurjón
 (Donni) og Birgir
 Már um síðustu
 áramót.



TILBOÐ 30% AFSLATTUR

KÍNVERSKT TE FYRIR GÓÐA HEILSU

Margskonar te við:

- orkuleysi
- svefnleysi
- hægðartregðu
- grenningu
- minkun kolesterols o.fl. o.fl.

HEILSU DREKINN

Kínversk heilsulind

Skeifunni 3j · Sími 553 8282 · www.heilsudrekinn.is

SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN

Stofan út í garð

THEÓDÓR JÚLIÚSSON
 í Krabbagaðarhúsinum

DÚI LANDMARK
 Elstir og nassar á Siglu

VÖRUBRETTI
 LEYNDIÐ FÁRSTIGU

Glænýtt blað og stútfullt af hugmyndum

Færst á öllum helstu blaðsölustöðum um land allt. - Áskriftarsími 578-4800. www.rit.is

FRÉTTIR VÍDSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI ÍPRÓTTIR
 Meiri Vísir.

vísir

FRAMHALD AF FORSIÐU

undir eftirliti með að gera ekki sömu mistök og Veigar, og að vera góð fyrirmynd fyrir Kjartan.“

Kjartan er í áttunda bekk Háteigsskóla og fermist í vor: „Það hefur nú minnkað á síðustu árum en lengi fannst mér verst að vera notaður í alls kyns snúninga fyrir eldri bræður mína.“

Tilheyrir að fljúgast á

Bræðurnir eru sammála um dýr- mæti félagsskapar hvers annars og allir vildu þeir vera vinir ef ekki væru þeir bræður.

„Gunnar Jökull býr yfir gifur- legu umburðarlyndi og aðdáunar- verðum vilja til að gleðja aðra, og Kjartan er skemmtilegur orkubolti sem er alltaf til í að gera eitthvað skemmtilegt,“ segir Veigar um kosti bræðra sinna.

Gunnar Jökull segir bræður sína bæði myndna og skemmtilega, og Kjartani þykir þeir allir hafa allt gott til brunns að bera.

En slæst aldrei upp á vinskáp- inn? „Jú, jú, bræðraslagir hafa komið upp á í gegnum árin, en þeim hefur fækkað mikið. Það er í eðli stráka að finnast gaman að tuskast og tilheyrir í bræðrahópi að takast svolítið á,“ segir Gunnar Jökull og uppsker samþykki bræðra sinna.

„Þegar maður umgengst fólk jafn mikið og bræður sína á heim- ili er eðlilegt að mönnum líki ekki alltaf hverjum við annan. Því koma upp útistöður en þeim hefur fækkað mikið og nú tókumst við bara á í gríni,“ upplýsir Veigar.

Bræður að eilífu

Að sögn foreldra þeirra, Sigríð- ar Kjartansdóttur og Gunnars Jónssonar, eru bræðurnir sterkir félagslega, í stórum vinahópum og rekast vel í hópi. Heima eru þeir aldir upp við samverustund fjöl- skyldunnar við matborðið á laug- ardagsskvöldum og leggja mikið upp úr þeirri samveru, enda mikið hlegið og spjallað á þeim stundum.

„Við erum sannir vinir, alltaf kátir að hittast og njótum tíma- ans sem gefst á milli náms, tóms- tunda og annarra vina. Þannig kann ég best að meta stundirnar heima og ferðalög sem við upplif- um saman,“ segir Veigar. Kjartani finnst skemmtilegast að fara með bræðrum sínum á snjóbretti og Gunnar Jökull hefur sína skoðun á vináttu bræðrana:

„Bræður bindast sterkum bönd- um því þeir hafa þekkt alla ævi.“

Veigar telur bræðrabönd frá- brugðin vinaböndum því bræð- ur aldir upp við sambærilegar aðstæður. „Bræðrabönd endast mannsævina út en vinabönd koma og fara, þótt þau geti líka verið sterk. Við gætum hver annars og stöndum saman þegar eitthvað bjátar á, þótt við séum líka oft ósammála og rífumst.“

Vinir í raun og lífsháska

Bræðurnir segjast aldrei hafa saknað þess að eiga systur, enda viti þeir ekki hvernig það sé.

„Ég er bara ánægður að eiga þessa bræður sem eru alltaf til staðar fyrir mig,“ segir Kjartan, og víst hefur reynt á stuðning og hjálparhönd í gegnum tíðina.

„Bróðureðlið er að standa saman. Ég passa upp á bræður mína og þeir passa upp á mig. Þannig bjargaði ég Veigari frá drukknun þegar ég var sex ára og hann féll ofan í vök á ísi lögðu vatni,“ segir Gunnar Jökull, sem einnig hefur oft gætt Kjartans, eins og Veigar stóri bróðir.

„Ég var lengi óvarkár í umferð- inni, æddi út á götur og fyrir bíla, en þá var ég heppinn að hafa styrk- ar hendur bræðra minna til að stoppa mig,“ segir Kjartan. - blg



Bróðir minn Ljónshjarta er hugljúfasta bræðrasaga allra tíma.

Hann er engin byrði

Bróðurástin hefur orðið mörgum að yrkisefni en enginn lýsir henni þó eins fallega og Astrid Lindgren í sögunni Bróðir minn Ljónshjarta. Þar nær ást þeirra Snúðs og Jónatans út yfir gróf og dauða og óhugsandi er að annar þrífist án hins. Skyldulesning fyrir alla, jafnt börn sem foreldra.

Annar óður til bræðralagsins er hinn hugljúfi texti He Ain't Heavy, He's My Brother sem flestir þekka í flutningi The Hollies. Það voru þeir Bobby Scott og Bob Russell sem sömdu lag og texta fyrir Kelly Gordon árið 1969 og magnaðri óður til ástar á milli bræðra er vandfundinn.

Setningin: Hann er engin byrði – hann er bróðir minn, finnst þó í prentuðum heimildum allt aftur til ársins 1884. Seinna var frasinn gerður að einkennisorðum unglingsstofnunarinnar Boys Town í Nebraska að frumkvæði stofnandans, föður Flanagans.

AF GEFNU TILFNI VILJUM VIÐ MINNA Á AÐ

ALLIR HAMBORGARAR OG ALLT HAKK FRÁ




ER 100% ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT



ÓMÓTSTÆDILEGAR HUGMYNDIR
www.islandsnaut.is

Fæst í verslunum **BONUS** **HAGKAUP**



Leiklist og tónlist fyrir alla fjölskylduna

Haustmyrkrið hefur sína kosti og meðal þess sem lifnar við á haustdögum eru leikhús og tónleikaraðir fyrir alla aldurshópa. Fátt er skemmtilegra en að öll fjölskyldan eigi saman góða stund á sunnudagseftirmiðdegi við dillandi tónlist og leik.

Tónleikaröðinni Töfrahurðinni verður hleypt af stokkunum í Salnum í Kópavogi á morgun. Fyrstu tónleikarnir hafa yfirskriftina „Úr rusli og drasli“ og þar er ætlunin að sýna hvernig hægt er að búa til hljóðfæri úr endurvinnanlegu efni. Tónleikagestir kynna sögu hljóðfæranna, hvernig þau eru uppbyggð og hvernig á að spila á þau. Frank Aarnink slagverksleikari leiðir hóp krakka sem hafa tekið þátt í námskeiði í hljóðfærasmíði. Þeir sem ekki voru á námskeiðinu hafa þó ekki mist af lestinni því frá klukkan 12.30 verður hljóðfærasmíðja á torgi Salarins og fá tónleikagestir að reyna sig í hljóðfærasmíði og búa til hljóðfæri sem síðan má nota á tónleikunum.

Prinsessan á Bessastöðum er komin á stjá í Þjóðleikhúsinu og leikur þar við hvern sinn fingur allar helgar í sýningunni Ballið á Bessastöðum. Verkið er að hluta til byggt á hinum geysivinsælu Bessastöðabókum eftir Gerði Kristnýju og tónlistin er eftir Braga Valdimar

Skúlason, sem meðal annars hefur getið sér gott orð með Baggalúti og Memfismafífunni en semur nú í fyrsta sinn tónlist fyrir leikhús. Gerður Kristný og Bragi Valdimar eiga heiðurinn af söngtextum í sýningunni.

Í Borgarleikhúsinu leita Dórótea og félagar hennar að leiðinni til Oz á stóra sviðinu um helgar í söngleiknum Galdrakarlinn í Oz, sem er einn vinsælasti fjölskyldusöngleikur allra tíma. Allir kannast við ævintýrið um Dórótea sem leggur upp í langferð til Gimsteina-borgarinnar handan regnbogans og vinina Þrjá sem hún eignast á leiðinni; fuglahræðuna sem hefur engan heila, ljónið sem skortir hugrekki og tinkarlinn sem vantar hjarta. Tónlistina þekkjá líka allir og eflaust munu margir humma með í sætum sínum.

Möguleikhúsið sýnir í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í vetur og verður fyrsta sýning á Prumpuhólnum á morgun. Sýningin er ætluð áhorfendum á aldrinum tveggja til tíu ára og tekur 45 mínútur í flutningi.

Sagan segir frá Huldu, sem er nýflutt úr borginni og upp í sveit. Þegar hún fer í feluleik með Halla bróður sínum vill ekki betur til en svo að hún villist og ratar ekki heim.

Henni list ekkert á þetta umhverfi þar sem allt er framandi; lyktin er náttúrufýla, grasið stingur og það eru pöddur úti um allt. Allt sér hún þetta þó í nýju ljósi þegar hún kynnist stráknum Steina.

Ýmislegt fleira sem öll fjölskyldan getur haft gaman af er í boði í borginni og úrvalið á vafalaust eftir að aukast eftir því sem haustmyrkrið þéttist og hitastigið lækkar.

- fsb

LOFTVERKFÆRI.IS
alhliða loftverkfærabjónusta

20% Afsláttur

Af öllum loftverkfærum

Loftverkfæri - Helluhrauni 14 - 220 Hafnarf.
Opið frá 10:00 til 17:00 - Sími: 571-4100

www.loftverkfaeri.is

AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.

AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Benedikt Freyr Jónsson
S: 5125411, gsm 8235055
benediktj@365.is

Ívar Örn Hansen
S: 5125429, gsm 6154349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 5125462, gsm 823334
sigrurdagny@365.is

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011

10 ÁRA
2001-2011

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

STINGUM EKKI HÖFÐINU Í SANDINN



Við köllum á ykkur sem horfist í augu við staðreyndir og viljið leggja okkur lið. Á Stígamótum fer fram umfangsmikið starf með konum og körlum vegna nauðgana, sífjaspella og vændis. Rúmlega 500 manns nýta sér þessa aðstoð á hverju ári. Þjónustan er ókeypis, en hana þarf að fjármagna.

Þessa dagana safna Stígamót mánaðarlegum styrktaraðilum. Söfnunarátakið fer fram á fjölförnum stöðum á laugardögum og sunnudögum í september. Einnig er hægt að gerast styrktaraðili á www.stigamot.is

*Stöndum saman
– Styrkjum Stígamót!*



Stígamót

GAGN&GAMAN



Töfrar Grænlands Þeir sem leggja leið sína í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn um helgina ættu að koma við hjá selalauginni. Þar hefur verið komið upp stórskemmtilegri sýningu ljósmyndarans Fianns Paul á grjótagarðinum við laugina. Hún samanstendur af myndum frá Norður-Grænlandi sem hafa verið prentaðar á vatns- og veðurhelda dúka og er hver þeirra 120x80 sentimetrar að stærð. Þær sýna Grænlandinga á heimaslóðum klædda í hefðbundinn heimskautaklæðnað.



Sprell og sprikl Aikikai Reykjavík (Aikido) og Jiu Jitsufélag Reykjavíkur (JJFR) verða með opið hús í æfingahúsnæði félaganna í Faxafeni 8 á morgun milli klukkan 14 og 17. Félögin sýna atriði og stuttar æfingar og gefst kostur að prófa, horfa eða þiggja léttar veitingar. Nánar á www.sjalfsvorn.is og www.aikido.is.



Sígild speki Flestir Íslendingar kannast við hin fornu Hávamál, sem hafa að geyma lífsspeki um góða siði, hegðun og samskipti. Nú hefur Þórarinn Eldjárn endurort einn þátt þeirra, Gestabátt, á auðskiljanlegri íslensku og gefið út í bók með myndum eftir Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur. Myndir hennar verða jafnframt til sýnis í Norræna húsinu frá og með 8. október.

4 FRÁBÆRAR FRUMSÝNINGAR FRAM UNÐAN!

Misstu ekki af því þegar fjórar magnaðar þáttaraðir hefja göngu sína í kvöld og næstu daga!

TERRA NOVA
FYRSTI ÞÁTTUR ÞRIÐJUDAG KL. 21:50
Ný og spennandi ævintýrabáttaröð úr smíðju Steven Spielberg.

SJÁLFSTÆTT FÓLK
FYRSTI ÞÁTTUR SUNNUDAG KL. 19:40
Þessi margverðlaunaði þáttur byrjar tíunda veturinn með spjalli við listamanninn Erró.

THE KILLING
FYRSTI ÞÁTTUR SUNNUDAG KL. 21:05
Þessi umtalaðasti spennuþáttur ársins er vel heppnuð endurgerð á dönsku þáttunum Forbrydelsen.

SPAUGSTOFAN
FYRSTI ÞÁTTUR Í KVÖLD KL. 19:35
Laugardagskvöldin eru bara ekki eins án ástsælasta þátta þjóðarinnar. Skemmtiþáttur ársins á síðustu Eddu.

Þú færð meira fyrir peningana með áskrift að Stöð 2
Því Stöð 2 Extra, Stöð 2 Bíó og plúsrásirnar fylgja frítt með fyrir aðeins **237 kr. á dag**

ÖDYRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

Boðgreiðslutilboð VISA
Ef þú gerist áskrifandi og greiðir með VISA kreditkortu færðu allt að 30% afslátt.
10% aukaafsláttur í þrjá mánuði.
12 vinsælustu fjölvarpsstöðvarnar fylgja frítt með fyrsta mánuðinn.
Gildir til 3. október.

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHOLDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

JAFNVÆGI FYRIR LÍKAMA OG SÁL

HEILSUGJAFVÖRUR

GJAFABRÉT

HEILSU DREKINN

Kínversk heilsulind
SKEIFUNNI 3J • SÍMI 553 8282 • WWW.HEILSUDREKINN.IS